

Geðhjálp: **Sættust á nýjan fund**

Sættir hafa náðst í Geðhjálp eftir harðar deilur um hvort aðalfundur félagsins sl. laugardag hafi verið lögmætur eða ekki. Í kjölfar fundarins var tekið á um hvort ný stjórn hefði verið kjörin löglega eða ekki. Hefur verið komist að samkomulagi um að halda framhaldsaðalfund 28. apríl næstkomandi. Leitað hafði verið með deiluna til dómsmálaráðuneytisins sem hafnaði íhlutun.

„Fyrst ekki var fyrir hendi neinn úrskurðaraðili varð að reyna að komast að einhverju samkomulagi,“ sagði Kristófer Þorleifsson geðlæknir. „Við hittumst í gærkvöld og komumst að þessari niðurstöðu. Ég vona að menn séu sáttir, þeir verða að vera það.“

Kristófer kvaðst eiga von á tveimur framboðum til formennsku í félaginu á framhaldsaðalfundinum, ef til vill fleirum. Sjálfur kvaðst hann mundu gefa kost á sér aftur.

-JSS